

T I L L A G A

til þingsályktunar um leiðréttingu sóknargjalda.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Svönu Helen Björnsdóttur og Gísla Jónassyni.

Frsm. Svana Helen Björnsdóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að hvetja alla sem koma að stjórnun innan þjóðkirkjunnar að setja leiðréttingu sóknargjalda á dagskrá og hafa það sem forgangsmál þar til leiðrétting fæst.

Forsætisnefnd kirkjuþings fylgir málinu eftir og felur rekstrarskrifstofu kirkjuþings að veita sóknarnefndum og öðrum sem vilja beita sér fyrir leiðréttingu sóknargjalda upplýsingar og ráðgjöf um það með hvaða hætti því verður best viðkomið.

Greinargerð.

Skerðing sóknargjaldsins af hálfu ríkisvaldsins hefur viðgengist frá árinu 2009 þótt viðurkennt hafi verið af stjórnvöldum að sóknargjaldið hafi verið skorið niður langt umfram þann niðurskurð, sem aðrir aðilar máttu almennt þola vegna efnahagshrunsins. Þessi skerðing hefur leitt til þess að ríkisvaldið hefur haldið eftir hátt í 50% af innheimtu sóknargjaldi. Minnt skal á að sóknargjaldið er í raun félagsgjald trúfélaganna, sem ríkið bauðst að fyrri bragði til að innheimta með sérstöku samkomulagi, sem leiddi til þess að lög um sóknargjaldið voru samþykkt samhljóða á Alþingi í tengslum við innleiðingu staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sú mikla skerðing sóknargjaldsins sem átt hefur sér stað frá árinu 2009, eins og áður segir og sem enn er að aukast nú rúmum tíu árum eftir efnahagshrunið, hefur haft gríðarlega neikvæð áhrif á starf safnaðanna, prófastsdæmanna og kirkjunnar allrar. Nú er svo komið að sumir söfnuðir virðast endanlega vera að komast í þrot fjárhagslega. Sumir þeirra hafa ekki getað sinnt brýnasta viðhaldi eigna og eru nú, tólf árum eftir hrunið, er enn verið að segja upp starfsfólki, lækka starfshlutfall og draga úr starfi í söfnuðunum. Ljóst er að söfnuðunum er ætlað að reka starfsemi sína á nánast sömu

krónutölu og þá var eða með öðrum orðum á u.þ.b. helmingi þeirra rauntekna sem þau höfðu árið 2008. Má það vera öllum ljóst, að slíkt er í raun ekki hægt, enda vandfundinn sá aðili í þjóðfélaginu, sem orðið hefur fyrir annarri eins tekjuskerðingu á þessum tíma.

Flutningsmaður telur afar brýnt að kirkjuþingi, sem hefur æðsta vald í málefnum kirkjunnar, nema lög kveði á um annað, hvetji alla sem koma að stjórnun innan þjóðkirkjunnar að setja leiðréttingu sóknargjalda á dagskrá og hafa það sem forgangsmál þar til leiðrétting fæst. Lagt er til að forsætisnefnd kirkjuþings fylgi málinu eftir og feli rekstrarskrifstofu kirkjuþings að veita sóknarnefndum og öðrum sem vilja beita sér fyrir leiðréttingu sóknargjalda, upplýsingar og ráðgjöf um það með hvaða hætti því verði best viðkomið.

Rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar myndi senda öllum viðkomandi þessa hvatningu ásamt leiðbeiningum það með hvaða hætti þær geti komið málinu á dagskrá.